

Fundargerð

185. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 2. júlí 2013 kl. 12¹⁵–13⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2012
- (3) Erindi frá Endurvinnslunni
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (184. fundar).

2. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2012

Lagður var fram og farið yfir ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2012 endurskoðaðan af Ríkisendurskoðun. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

Stjórn samþykkir ársreikning og áritar hann.

3. Erindi frá Endurvinnslunni

Lagt var fram erindi frá Endurvinnslunni vegna drykkjarvöruumbúða í framhaldi af fundi sem ÓK átti með Helga Lárussyni framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar.

ÓK upplýsti að á sínum tíma sendi Úrvinnslusjóður erindi vegna drykkjarvöruumbúða, sem lagt var fram á fundinum, til umhverfisstjórnar neytisins í framhaldi af fundum með Endurvinnslunni.

ÓK sagði frá því að ekkert hafi verið gert í þessum málum er varðar skilagjaldsumbúðir og aðrar drykkjarvöruumbúðir sem ekki bera skilagjald sbr. mjólkurdrykkir.

Endurvinnslan vill taka málið upp aftur, e.t.v. með breyttum áherslum, og fá Úrvinnslusjóð í lið með sér. Lögð var fram á fundinum tillaga Endurvinnslunnar hvaða drykkjarvöruumbúðir gætu heyrt undir Úrvinnslusjóð og hvað umbúðir undir Endurvinnslunni sem nú bera eingöngu úrvinnslugjald. Stjórn ræddi að það þyrfti að skoða málið í heild með hagsmuni neytenda í huga og markmiðið sé minnka flækjustigið hjá neytendum hvaða umbúðir bera skilagjald og hverjar ekki.

4. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 27.ágúst 2013.

Fundi slitið kl 13:40